



Útivist fyrir alla í ævintýralegu umhverfi


Sporið er fjölnota útivistarstígur sem færir íbúum nýja möguleika í útivist og hreyfingu að vetri. Nú gefst Garðabæ tækifæri á að taka þátt í að stækka Sporið og tengjast þessum frábæra útivistarmöguleika sem Sporið í Heiðmörk er að vetrarlagi.

Sporið er búið til með því að draga serhannaðan snjótroðara á vélsleða. Með því að búa til rétt undirlag verða svæði aðgengileg í snjó. Útivera í snævi þöktum skógi er einstök upplifun sem hentar allri fjölskyldunni.

Sporið hentar skíðandi, hlaupandi og hjólandi á öllum aldri.

Afreksíþróttafólk jafnt og þeir sem eru að stíga sín fyrstu skref sjást á Sporinu.


Útivist og hreyfing hafa ótvírætt forvarnagildi og það hefur aldrei verið mikilvægara að bjóða almenningi góða valkosti í útivist, hreyfingu og afþreyingu.



Virkilega vel gert, algjörlega geggjað að hafa aðgang að Heiðmörk yfir veturinn á þennan hátt! Algjör forréttindi fyrir allt höfuðborgarsvæðið!! TAKK!




"Þvílík dásemd - yndislega náttúra og útivera. Meiriháttar gæði. Kærar þakkir"



"Fórum sporið í dag og kom þetta verulega á óvart. Takk kærlega fyrir þetta flotta framlag.. skemmtileg braut í frábæru umhverfi."





Hugmyndir að tengingum fyrir Garðabæ

10 km 2,5km

Aðal leið frá Vífilstaðavatni inn í Vífilstaðahlíð. Gefur frábæra möguleika á Garðarbæjar tengingu við Ullar gönguskiðasporið og Ríkishringinn í Heiðmörk án þess að íbúar Garðabæjar þurfi að aka upp í 30 mínútur að Elliðabæ.

Þjappað daglega og viðhaldið allan veturinn.

5 km

Efri leið. Heiðahringur með frábært útsýni. Mun veðurháðara svæði með. Hægt að nýta sem tengileið út frá Vífilstaðavatni. Frábært sem hringur eða sem val á leið in og út út Heiðmörk.

Þjappað þegar veðurspá lofar góðum aðstæðum.

3 km 3km



Tengileiðir inn og út úr Garðabæ yfir í Heiðmörk á Ullar sporið og Ríkishring.

Tengileið frá golfvelli að Vífilstaðavatni og Spretssvæði yfir á Heiðahring. Hægt væri að gera styttri gönguskiðahringi á golfvöllinum.

●● Þjappað þegar veðurspá er góð.



Fjölbreytt tæki og tól þarf að nota til að ná sem bestum árangri hverju sinni. Veður og vindar stýra því hversu oft á dag og í viku þarf að þjappa í sporið






Kostnaðaráætlun: Sporið Vetrarstígur í Garðabæ

	Sporið: Aðalleið í Garðabæ				Sporið: Tengileiðir og Heiðahringur
	12,5 km				21,5 km
Undirbúningur & frágangur	Gjald	Ein	Fjöldi	Alls	Alls
Starfsfólk	45.000	1	1	45.000	65.000
Tæki	28.000	1	1	28.000	28.000
Framkvæmd:	Gjald	Ein	Fjöldi	Alls	
Starfsmaður	5.500	4	26	572.000	972.400
Tæki (Vélsleði, snjóþjapparar, olía, flutningur)				285.000	470.250
Kynning:	Gjald	Ein	Fjöldi	Alls	
Samfélagsmiðlar: Efnisgerð	5.500	2	3	33.000	42.000
Birtingar	2.500	1	3	7.500	12.500
Alls				970.500	1.590.150
vsk				232.920	381.636
Alls m vsk				1.203.420	1.971.786

Til að verkefnið verði að veruleika þarf grunnfjármögnun að upphæð 970.500 að nást. Eftir það er verkefnið skalanlegt, aukið fjármagn þýðir lengra Spor með betri tengingum.


Icebike Adventures var stofnað árið 2012 af Magne Kvam. Starfsemi Icebike er fjölbreytt og snýst um hjólreiðar um íslenska náttúru. Skipulag styttri og lengri fjallahjólaferða fyrir erlenda og innlenda ferðamenn, námskeið í hjólreiðum, reiðhjólaviðgerðir, hjólaleiga og stígagerð eru meðal þess sem fyrirtækið annast.

Eigendur Icebike Adventures eru Magne Kvam & Ásta Briem.



Magne Kvam er stofnandi og eigandi Icebike Adventures og frumkvöðull í fjallahjólreiðum á Íslandi. Magne hefur hannað stíga í samstarfi við Skógræktina, í Hengli með Orkuveitunni, í Skálafelli fyrir Skíðasvæðin og í Þórsmörk með Skógrækt Suðurlands. Magne starfaði sem hönnuður á auglýsingastofum í 20 ár áður en hann vatt kvæði sínu í kross og gerðist leiðsögumaður og hjólastíga-hönnuður.

Magne er einlægur áhugamaður um aðgengilega útivist árið um kring.



Icebike Adventures ehf
Dælustöðvarvegi 8
270 Mosfellsbær

Icebike
Adventures